

	<p>VERKLAGSREGLUR</p> <p>um faglega umsýslu og eftirlit með rannsóknastyrkjum, sbr. 2. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009</p>	<p>Bls.: 1 af 4</p> <p>Ábyrgð: SHH, skrifstofu- stjóri Vísinda og Nýsköpunarsviðs. Samþ. í háskólaráði 7. desember 2023. Málsnúmer: HI23100067</p>
---	--	--

1. Inngangur

- 1.1. Markmið með verklagsreglum þessum er að tryggja faglega umsýslu og eftirlit með rannsóknastyrkjum í samræmi við lög og reglur, kröfur styrkveitanda og verklagsreglur og verkferla sem settir hafa verið innan Háskóla Íslands.
- 1.2. Undir verklagsreglur þessar falla ekki styrkir sem snúa að námi og kennsluþróun eða sem veittir eru úr sjóðum Háskóla Íslands.

2. Skilgreiningar

- 2.1. Í verklagsreglum þessum er merking hugtaka sem hér segir.

Rannsóknaverkefni: Rannsóknaverkefni sem starfsmaður eða verðandi starfsmaður Háskóla Íslands skilgreinir að öllu eða einhverju leyti í styrkumsókn, eða fyrir fram skilgreint verkefni sem starfsmanni er boðin þátttaka í.

Aðalrannsakandi (e. Principal Investigator (PI)): Starfsmaður eða verðandi starfsmaður sem hlýtur styrk til að vinna skilgreint rannsóknaverkefni hvort heldur sem styrkurinn er veittur í nafni viðkomandi eða Háskóla Íslands.

Erlendir rannsóknastyrkir - A: Erlendir rannsóknastyrkir sem Háskóli Íslands, starfsmaður eða verðandi starfsmaður Háskólans hljóta og eru á ábyrgð Háskóla Íslands. A – styrkir eru þeir sem veittir eru undir rannsókn- og nýsköpunaráætlunum Evrópusambandsins og tengdum áætlunum (t.d. Horizon Europe og Digital Europe) og styrkir frá alþjóðlegum sjóðum, fyrirtækjum, stofnunum og samtökum (t.d. NIH, NSF, NASA, Carlsberg Foundation og sambærilegt). Vísinda- og nýsköpunarsvið ásamt rannsóknastjórum halda skrá yfir styrki og flokkun þeirra.

Erlendir rannsóknastyrkir - B: Erlendir rannsóknastyrkir og samstarfsstyrkir sem Háskóli Íslands, starfsmaður eða verðandi starfsmaður Háskólans hljóta og eru á ábyrgð Háskóla Íslands. B – styrkir eru þeir sem veittir eru undir menntaáætlun Evrópusambandsins, t.d. Erasmus+ eða úr öðrum svæðisbundnum sjóðum, t.d. NordForsk, interreg - NPA og EEA Norway grants. Vísinda- og nýsköpunarsvið ásamt Rannsóknastjórum halda skrá yfir styrki og flokkun þeirra.

Innlendir rannsóknastyrkir: Styrkir frá innlendum sjóðum, fyrirtækjum, stofnunum og samtökum.

Fjárhagslegt utanumhald: felur í sér að fylgjast með kostnaði verkefnisins og stöðu verkefnis í rauntíma, t.d. með því að kalla eftir tímaskýrslum.


	<p>VERKLAGSREGLUR um faglega umsýslu og eftirlit með rannsóknastyrkjum, sbr. 2. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009</p>	<p>Bls.: 2 af 4</p> <p>Ábyrgð: SHH, skrifstofu- stjóri Vísinda og Nýsköpunarsviðs. Samp. í háskólaráði 7. desember 2023. Málsnúmer: HI23100067</p>
---	--	---

3. Þátttaka í rannsóknaverkefnum

- 3.1. Allar styrkumsóknir um rannsóknir sem sendar eru í nafni Háskóla Íslands skuldbinda skólann að einhverju leyti, hvort sem er í formi mótframlags, tíma starfsmanna eða aðstöðu til tiltekinna verkefna. Starfsmaður skal upplýsa rannsóknastjóra, eða eftir atvikum sviðsforseta, í samræmi við verkferla viðkomandi fræðasviðs, um þátttöku í styrkumsókn, þegar umsóknarskrif hefjast eða ákvörðun um þátttöku er tekin, til dæmis um kröfur um mótframlag og aðrar skuldbindingar. Vinnuframlag starfsmanns í rannsóknaverkefni/verkefnum getur ekki verið meira en sem nemur starfshlutfalli viðkomandi við Háskóla Íslands. Leita skal samþykkis Vísinda- og nýsköpunarsviðs í umboði rektors fyrir þátttöku í rannsóknaverkefni þegar mótframlag Háskóla Íslands er hærra en 50 m. ISK á verkefnistímanum.
- 3.2. Ákveði starfsmaður að sækja um styrk eða taka þátt í rannsóknaverkefni skal umsókn unnin í samráði við rannsóknastjóra fræðasviðs. Í umsókn skal tryggja að allur kostnaður við verkefnið sé tilgreindur og að allar upplýsingar um Háskólann og fjármál verkefnis, þ.m.t. launatöflur séu réttar. Vísinda- og nýsköpunarsvið setur viðmiðunartölur fyrir fjárhagsáætlanir styrkumsókna reglulega.
- 3.3. Starfsmaður sem er aðalrannsakandi í verkefni skal kynna sér þær reglur og skyldur sem fram koma í styrksamningi, m.a. um eignarhald niðurstaðna, gagna og afurða sem verða til í rannsóknaverkefni. Aðalrannsakandi skal tryggja að fjármagn verkefnisins sé notað í samræmi við ákvæði styrksamningsins og samstarfssamnings. Vísinda- og nýsköpunarsvið rýnir samninga um styrki eða samstarf vegna rannsókna í samráði við rannsóknastjóra.
- 3.4. Aðalrannsakandi skal fylgja þeim reglum, viðmiðum og leiðbeiningum sem samþykkt eru af háskólaráði eða sett af miðlægrri stjórnsýslu og snúa að gæðum rannsókna, rekstri rannsóknaverkefna og meðferð fjármagns. Þar með talið siðareglum Háskóla Íslands, siðareglum háskólanna um vísindarannsóknir, reglum um innkaup, stefnu um meðferð persónuupplýsinga og starfsreglum Hugverkanefndar Háskóla Íslands og Landspítala.

4. Umboð til undirritunar

- 4.1. Sviðsstjóri Vísinda- og nýsköpunarsviðs, til vara staðgengill sviðsstjóra og fjármálastjóri, hafa umboð til að undirrita erlenda styrksamninga og samstarfssamninga vegna rannsókna.
- 4.2. Samningar vegna innlendra styrkja eru undirritaðir á fræðasviðum í samræmi við reglur fræðasviða og kröfur styrkveitenda.

	<p>VERKLAGSREGLUR um faglega umsýslu og eftirlit með rannsóknastyrkjum, sbr. 2. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009</p>	<p>Bls.: 3 af 4</p> <p>Ábyrgð: SHH, skrifstofu- stjóri Vísinda og Nýsköpunarsviðs. Samp. í háskólaráði 7. desember 2023. Málsnúmer: HI23100067</p>
---	--	---


- 4.3. Forsetar fræðasvið Háskóla Íslands eða aðrir í umboði þeirra hafa umboð til að undirrita viljayfirlýsingar um þátttöku í rannsóknaverkefnum (*e. letter of commitment og letter of intent*) og styrkumsóknir.
- 4.4. Fjármálastjóri Háskóla Íslands undirritar fjárhagsleg uppgjör vegna rannsóknastyrkja í samræmi við kröfur styrkveitanda.

5. Umsjón og eftirlit með rannsóknaverkefnum

- 5.1. Aðalrannsakandi ber ábyrgð á fjármálum og framvindu rannsóknaverkefnis. Aðalrannsakandi skal sjá til þess að starfsfólk í verkefni sé upplýst um þá ábyrgð og skyldur sem það gengst við þegar það tekur þátt í styrktu rannsóknaverkefni.
- 5.2. Fræðasvið samþykkja kostnað í styrktum rannsóknaverkefnum og bera ábyrgð í samræmi við verklagsreglur um stofnun, rekstur og lokun verkefnisnúmera, ásamt öðrum verklagsreglum um fjármál í Háskóla Íslands.
- 5.3. Rannsóknastjórar fræðasviða hafa yfirlit yfir styrkt rannsóknaverkefni á sínu fræðasviði. Í því felst að halda skrá um umsóknir og samninga allra rannsóknastyrkja á fræðasviðinu og fylgja eftir vísindalegum skuldbindingum gagnvart styrkveitanda.
- 5.4. Rannsóknastjórar fræðasviða bera ábyrgð á og annast fjárhagslegt utanumhald og uppgjör erlendra rannsóknastyrkja - B og innlendra rannsóknastyrkja, í samræmi við ákvæði samnings og gildandi bókhalds- og verklagsreglur fjármálasviðs háskólans og launadeildar. Stoðþjónusta viðkomandi fræðasviðs ber ábyrgð á að skila uppgjörum og skýrslum til Vísinda- og nýsköpunarsviðs til yfirferðar og samþykktar fjármálastjóra, í samræmi við kröfur styrkveitanda, ekki síðar en tveimur vikum fyrir skilafrest til styrkveitanda.
- 5.5. Styrkjaskrifstofa Vísinda- og nýsköpunarsviðs ber ábyrgð á og annast fjárhagslegt utanumhald og uppgjör erlendra rannsóknastyrkja - A í samræmi við ákvæði samnings og gildandi bókhalds- og verklagsreglur fjármálasviðs háskólans og launadeildar. Vísinda- og nýsköpunarsvið hefur jafnframt umboð og annast eftirlit með öðrum rannsóknastyrkjum þegar miðlæg stjórnýsla ber ábyrgð á undirritun uppgjörs. Vísinda- og nýsköpunarsvið og fjármálastjóri Háskóla Íslands hafa heimild til að hafna uppgjörum ef undirliggjandi gögn eru ekki fullnægjandi.

6. Endurskoðun styrktra verkefna

- 6.1. Ytri endurskoðun getur verið í formi vottunar uppgjóra eða afurða, eða formleg endurskoðun af hálfu styrkveitanda. Vísinda- og nýsköpunarsvið ber ábyrgð á og annast undirbúning ytri endurskoðunar erlendra rannsóknaverkefna - A og B. Vísinda- og nýsköpunarsvið ber jafnframt ábyrgð á samhæfingu viðbragða vegna

	<p>VERKLAGSREGLUR um faglega umsýslu og eftirlit með rannsóknastyrkjum, sbr. 2. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009</p>	<p>Bls.: 4 af 4</p> <p>Ábyrgð: SHH, skrifstofu- stjóri Vísinda og Nýsköpunarsviðs. Samþ. í háskólaráði 7. desember 2023. Málsnúmer: HI23100067</p>
---	--	---

endurskoðunar og sér um samskipti við endurskoðendur. Rannsakendur og rannsóknastjórar fræðasviða skulu veita Vísinda- og nýsköpunarsviði þá aðstoð sem þeim er möguleg og eftir því sem nauðsynlegt reynist í tengslum við endurskoðun.

7. Samráð og samstarf

- 7.1. Rektor skipar samráðshóp starfsfólks sameiginlegrar stjórnýslu og fræðasviða sem starfar undir stjórn Vísinda- og nýsköpunarsviðs. Hlutverk hópsins er að tryggja faglega umsýslu styrkja og flæði upplýsinga um verkferla í tengslum við rannsóknastyrki.
- 7.2. Þegar rannsóknaverkefni felur í sér samstarf á milli fræðasviða skulu rannsóknastjórar fræðasviða sjá til þess að gert verði samkomulag um rannsóknasamstarf sem gildir meðan á rannsóknaverkefni stendur og að því loknu. Samkomulagið þarf meðal annars að taka til eignarhalds á afurðum, hugverkaréttinda og skiptingu mótframlags ef það á við á milli fræðasviðanna.

8. Gildistaka

- 8.1. Verklagsreglur þessar eru settar í samræmi við 2. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og öðlast gildi 1. janúar 2024 í kjölfar staðfestingar háskólaráðs. Verklagsreglur um skyldur styrkþega rannsóknastyrkja og þjónustu við þá, sem samþykktar voru í háskólaráði þann 8. desember 2016, falla úr gildi frá sama tíma. Verklagsreglur þessar skulu endurskoðaðar í kjölfar mats á verklagi og verkaskiptingu í tengslum við meðferð erlendra styrkja innan tveggja ára frá gildistöku.